

Sp.

21. Tillaga til þingsályktunar

[18. mál]

um úttekt á kostnaði við sveitavegi á Austurlandi.

Flm.: Helgi F. Seljan.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta framkvæma úttekt á því verkefni að gera greiðfæra sem vetrarvegi þá vegi í sveitum á Austurlandi sem afgerandi þýðingu hafa fyrir atvinnurekstur bænda (mjólkurflutninga). Í úttektinni skal einnig miðað við aukna þörf á flutningum skólabarna.

Úttektin verði falin Vegagerð ríkisins og um hana haft fullt samráð við Búnaðarsamband Austurlands.

Í framhaldi af niðurstöðum úttektarinnar verði ítarlega kannað hvort ástandið í þessum málum með tilliti til mjólkurframleiðslu í fjórðungnum gefi tilefni til séráætlunar um uppbyggingu þessara vega.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt af tveim meginástæðum.

Önnur, og sú sem knýr frekar á nú þegar, er hin mikli samdráttur í mjólkurframleiðslu sem orðið hefur, einkum á Fljótdalshéraði, s.l. ár. Ef svo heldur áfram horfir til vandræða og alvarlegs skorts mjólkurafurða í landshlutanum.

Til þess liggja eflaust ýmsar ástæður, en ein sú veigamesta er fólgin í erfiðleikum allt of margra bænda við að koma mjólkinni á markað á vetrum og það m. a. úr sveitum sem í flestu eru betur fallnar til kúabúskapar en sauðfjárræktar, svo sem er um Hróarstungu, Hjaltastaðapinghá og Jökulsárhlíð. Aðalorsök þessara erfiðleika er slæmir vegir, sem sumir hverjir verða t. d. illfærir í fyrstu snjóum. Þar sem hér er um mikilvægan þátt í landbúnaðarþróun Austurlands að ræða þarf að gefa honum ærinn gaum.

Að því ber að vinna að gerð sé rækileg úttekt á kostnaði við þá vegi eða vegakafla, sem verstir eru, að þeir verði ekki lengur bein hindrun aukinnar mjólkurframleiðslu á svæðinu. Hin ástæðan og sú sem á eftir að koma enn skýrar inn í þessa mynd er varðandi flutning skólabarna, sem eykst stöðugt, ekki hvað síst með breyttri námstilhögun og auknu námi skv. nýjum lögum.

Sú staðreynd liggur fyrir, að ýmsir sveitavegir (og það eflaust miklu víðar en á Austurlandi) hafa orðið nokkuð útundan varðandi fjárveitingar, þar sem önnur verkefni, sem talin hafa verið enn brýnni, hafa haft nokkurn forgang. Það er því fyllilega tímabært í ljósi framantaldra staðreynda og fleiri að kannað sé ástand þessara vega og úttekt fengin á því, hver kostnaður fylgir því að gera þá sæmilega greiðfæra sem vetrarvegi.

Til viðbótar er hér um almenna nauðsyn að ræða fyrir íbúa viðkomandi sveita að eiga sem greiðasta leið til félagslegra samskipta innbyrðis og eins sambands við þéttbýlisstaðina.

Nauðsynlegt er að ráðunautar Búnaðarsambands Austurlands taki virkan þátt í þessari úttekt, enda eru þeir kunnugastir ástandi og þörfum í þessum málum.

Í heinu framhaldi af úttekt sem þessari er rétt að kanna rækilega, hvort ekki sé full ástæða til þess að gera séráætlun um uppbyggingu þeirra vega, þar sem verstar hindranir eru, og útvega til brýnustu framkvæmdanna sérstakt fjármagn, m. a. úr Byggðasjóði. Nánari grein, m. a. fyrir þróuninni í búskaparháttum á Austurlandi, verður gerð í framsögu.